

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

17. febrúar 2004


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjöld.

Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn var stofnað með það að markmiði að byggja og reka búseturéttaríbúðir fyrir félagsmenn sína. Félagsvæðið nær til landsins alls og er opið öllum. Félagsnúmer veitir félagsmanni sem orðin er 50 ára rétt til kaupa á íbúð. Búmenn leggja áherslu á vandaðar fullbúnar íbúðir á hagkvæmu verði. Lögð er áhersla á að íbúðirnar séu hannaðar með þarfir eldra fólks í huga og að tryggt sé að gott aðgengi geti skilað sér í því að fólk geti búið í íbúðunum eins lengi og kostur er. Félagsmenn kaupa búseturétt og greiða síðan þann kostnað sem fellur til vegna íbúðanna.

Fyrir Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn er það mikið hagsmunamál að frumvarp þetta nái fram að ganga. Húsnæðissamvinnufélög haf verið undanþegin stimpilgjöldum lengst af. Þegar hins vegar að sýslumenn hófu innheimtu stimpilgjalda kom sá kostnað fram sem umtalsverð hækkun búseturéttarins þar sem búseturéttargjaldið er oft lágt eða um 10% af kaupverði íbúðarinnar.

Það er mat undirritaðs að það sé mjög eðlilegt að húsnæðissamvinnufélög sem m.a. stuðla óbent að sparnaði þjóðfélagsins þar sem fólk getur búið lengur heima þrátt fyrir ýmsa hreyfihömlun sem oft fylgir hækkandi aldri íbúanna fái að njóta stimpilfrelsis.

Virðingarfyllst,
F.h. Búanna hsf


Daniel Hafsteinsson, frkvstj.

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is